

Menntamálanefnd Alþingis


FJÁRMÖGNUN LÁNASJÓÐS ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

1. Námsaðstoð og fjárveitingar síðustu ár.


Námsaðstoð LÍN hefur aukist mjög undanfarin ár að raungildi. Þar kemur bæði til fjölgun námsmanna og hækkun námslána, en framfærslulán hækkuðu um 20% umfram verðlag í þrem áföngum árin 1989 og 1990. Fjárveitingar drógust á hinn bóginn saman bæði beint og einkum þó hlutfallslega. Þetta hefur valdið stóru aukinni lásfjárþörf hjá sjóðnum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (apríl 1991) segir svo: "Kostnaður ríkissjóðs við námskerfið er um 66% af veittum lánunum m.v. að eigið fé sjóðsins á hverjum tíma nægi til að standa við skuldbindingar vegna lána. Er þá gert ráð fyrir að vextir af lánunum sem sjóðurinn taki séu 6%." Í því sambandi má geta þess að lán sem sjóðurinn hefur verið að taka í ár eru á 9% vöxtum.

Á myndunum hér að neðan kemur fram hver hefur verið þróun námsaðstoðar sjóðsins og hvernig dregið hefur úr fjárveitingum á sama tíma. Ljóst er að með slíku áframhaldi hefði verið skammt í að sjóðurinn kæmist í þrot. Ljóst er því að fjármögnun sjóðsins þarf að breyta frá því sem verið hefur á síðustu árum.

Í fjárlögum ársins 1992 er gert ráð fyrir því að fjárveiting verði rúm 65% af þeirri námsaðstoð í heild, sem áætlað er að veita samkvæmt frumvarpinu. Lánsfjárþörf á yfirstandandi ári er því áætluð minni af þeim sökum.

NÁMSAÐSTOÐ FRÁ LÍN OG FJÁRV. 1988-91
Míðað við óbreyttar úthlutunarreglur

Millj. króna. Fast verðlag fjárlaga 91.

HLUTFALL FJÁRVEITINGAR 1988-91
Í % AF NÁMSAÐSTOÐ Í HEILD

Míðað er við fjárlög 1991 og 92.

2. Vanáætluð fjárförf 1991.


Úthlutunarreglum LÍN var breytt vorið 1991. Áætlað er að þær breytingar hafi minnkað fjárförf sjóðsins um 250 milljónir á síðstliðnu ári, en þær tóku ekki gildi fyrr en í byrjun skólaárs um haustið. Engu að síður fóru raunveruleg útgjöld til námsaðstoðar fram úr fjárlögum sem nam 750 milljónum króna á árinu 1991 og að óbreyttum úthlutunarreglum um einum milljarði króna.

3. Fjárlög og fjárförf 1992.

Fyrirnefndar breytingar, sem gerðar voru á úthlutunarreglum vorið 1991, draga á hinn bóginn úr útgjöldum sjóðsins allt yfirstandandi ár. Gera má ráð fyrir að þær minnki áætlaða fjárförf LÍN á yfirstandandi ári um 800-850 millj. króna. Ef þessar breytingar hefðu ekki verið gerðar og fjárveiting ákveðin 66% af námsaðstöðinni, hefði fjárveiting til LÍN þurft að vera um 1000 milljónum meiri en hún er í núgildandi fjárlögum.

Nýlega hefur fjárförf sjóðsins verið áætluð að óbreyttum lögum og úthlutunarreglum á árinu 1992. Niðurstaða þeirrar áætlunar er sú að gera megri ráð fyrir að fjárförf til námsaðstoðar muni nema 3.950 milljónum kóna að óbreyttum reglum. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 3.407 milljónum, þannig að draga þarf enn úr útgjöldum sjóðsins, sem nemur nálægt 550 milljónum króna, ef fjárlög eiga að standast.

Á eftirfarandi mynd kemur fram upphæð námsaðstoðar og þörf á 66% fjárveitingu til að standa straum af henni. Þá er miðað við 1) að reglum hefði ekki verið breytt vorið 1991, 2) eftir breytingu, sem þá var gerð og 3) samanburður gerður miðað við gildandi fjárlög:



Þörf fjárv. reiknuð 66% af námsaðstöð

4. Forsendur fjárlaga 1992.

Fjárlaganefnd Alþingis gerði tillögu um að fyrirhuguð aukafjárveiting á árinu 1991, sem var í frumvarpi til fjárlaganna 400 millj. króna hækkaði í 700 milljónir til þess að LÍN gæti náð endum saman vegna áðurnefndrar vanáætlunar á námsaðstoð. Formaður fjárlaganefndar gerði grein fyrir forsendum þessarar tillögu við umræður um fjárlög fyrir árið 1991. Hann sagði þá m.a.:

"Hvað varðar tillögu 2. þá komu forsvarsmenn Lánasjóðs ísl. námsmanna til viðræðu við nefndina. Þar kom fram að upplýsingum sem lágu að baki áætlunum Lánasjóðs ísl. námsmanna frá því í maí sl. hefur skakkað í veigamiklum atriðum. Fjárlaganefnd telur mikilvægt að svo verði búið um hnútana hjá sjóðnum að rekstraráætlanir gefi réttari mynd af raunverulegri stöðu en verið hefur undanfarin ár. Fjárförf lánasjóðsins hefur vaxið verulega á síðustu árum og er ljóst að ríkissjóður stendur frammi fyrir gerðum hlut hvað varðar þær 300 millj. kr. sem talin er fjárvöntun sjóðsins á þessu ári. Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna og lántökuheimild sjóðsins samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1992 gefur augljóslega ekki svigrúm til að færa skuldbindingar milli ára. Fjárlaganefnd telur því að veita verði umbeðna fjárhæð og gerir því tillögum um 300 millj. til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Meirihluti fjárlaganefndar gerir þetta að því tilskildu að úthlutunarreglum sjóðsins og lögum verði breytt þannig að tryggt verði að fjárveiting samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1992 nægi fyrir skuldbindingum sjóðsins á næsta ári".

5. Stórauknar lántökur LÍN til skamms tíma.

Niðurskurður fjárveitinga til LÍN síðustu ár á sama tíma sem lán voru hækkuð og lánþegum fjölgaði gífurlega, hefur m.a. komið fram í stórauknum lántökum til sjóðsins. Þessi lán eru til skamms tíma 5-10 ára og vextir á þeim sem nú eru tekin eru 9%.


Lántökur hafa þróast sem hér segir:

Ár	Verðlag hvers árs	Fast verðlag fjárlaga 92
1986	405	778
1987	800	1.432
1988	690	1.088
1989	1.165	1.578
1990	1.880	2.195
1991	3.000	3.156
1992 fjárlög	2.815	2.815

Á þessari töflu sést að stökkbreyting hefur orðið í fjármögnun LÍN að þessu leyti hin síðustu ár, en nú er komið að skuldadögum. Greiðslubyrði er nú orðin mjög mikil af þessum lánnum. Á yfirstandandi ári skv. fjárlögum er hún 2.277 millj. króna, eða nokkru hærra upphæð en öll fjárveitingin til sjóðsins.

Fjárförf sjóðsins mun því vaxa jafnt og þétt á næstu árum jafnvel þótt gert sé ráð fyrir óbreyttri upphæð námsaðstoðar, ef þessum lánnum verður ekki skuldbreytt og þau lengd. Þessa þróun má sjá á mynd hér að neðan. Sú áætlun um fjárförf er byggð á óbreyttri upphæð til námsaðstoðar og óbreyttum fjárveitingum, en að innheimta námslána aukist um 100 millj. á ári:


LÁNSFJÁRFÖRF LÍN NÆSTU ÁR
m.v. óbreytta námsaðstoð og framlag.




■ Lánsfjárförf

Verðlag fjárlaga

FJÖLDI LÁNÞEÐGA LÍN HVERT SKÓLAÁR



NÁMSAÐSTOÐ FRÁ LÍN OG FJÁRV. 1988-91
 Miðað við óbreyttar úthlutunarreglur



■ Fjárveiting ▨ Námsaðstoð